

af Njarðarbraut að vestan, Sjávangötu að norðan, fyrirhugaðri framlengingu Fitjabrautar að Njarðarbraut að sunnan og að hluta að austan og einnig sjó og fjörusvæði að hluta til að austan. Ný hús á svæðinu skulu vera af svipaðri gerð og þau sem fyrir eru, steinsteypt eða stálgrindarhús, ein hæð með nýtanlegu milligólfi að hluta, húshæðir 5-8 m.

Deiliskipulagsupprátturinn ásamt greinargerð hefur verið sendur Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag skólalóðar við Grundarveg, Njarðvík.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 19. október 1999 samþykkt deiliskipulag sem felur í sér að tvö íbúðarhús sem í dag þjóna grunnskólanum verði fjarlægð, annað, Þórustígur 1, á árinu 1999 og hitt, Brekkustígur 2, á næstu árum. Ný bygging verður reist við norðurenda núverandi grunnskólabyggingar

Greinargerð og uppráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjanesbæ, 7. desember 1999.

Ellert Eiríksson bæjarstjóri.

GJALDSKRÁ

fyrir prófun búvéla.

1. gr.

Eftirfarandi gjald reiknast fyrir prófun búvéla:

Söluverð vélar þús. krónur.	Prófunargjald krónur.
<50	40.000
50-99	55.000
100-149	60.000
150-199	65.000
200-299	70.000
300-399	75.000
400-499	80.000
500-599	85.000
600-699	90.000
700-799	100.000
800-899	105.000
900-999	110.000
1000-1199	120.000
1200-1399	140.000
1400-1599	150.000
1600-1799	160.000
1800-2000	170.000

Þegar verð búvéla er komið yfir 2.000.000 króna hækkar gjaldið um 5.000 krónur fyrir hverjar 100.000 krónur.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í lögum nr. 64/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 6. desember 1999.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Hvömmum v/leikskólans Smáralundar í Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti bæjarráð í umboði bæjarstjórnar Hafnarfjarðar þann 21. september 1999 óverulega breytingu á deiliskipulagi í Hvömmum sem staðfest var 31. október 1990.

Breytingin felst í færslu á aðkomu og stækkun byggingareits.

Tillagan var auglýst samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 8. desember 1999.

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,

Magnús Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 151/1999, um álagningu spilliefnagjalds.

1. gr.

Við 5. gr. reglugerðarinnar bætist nýr stafliður, k, sem hljóðar svo:

k. Kvikasilfur.

Um gjaldtöku og flokkun á kvikasilfri eftir tollskrárnúmerum gildir eftirfarandi:

Úr 28. og 30. kafla tollskrárinnar:

2805-4000 - kvikasilfur 900 kr/kg

3006-4002 -- Silfuramalgam til tannfyllinga 900 kr/kg

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laga nr. 56/1996 um spilliefnagjald og öðlast gildi 1. janúar 2000 og tekur til allra vara sem þá eru ótollafgreiddar.

Umhverfisstofnun, 10. desember 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingimar Sigurðsson.